

Framhaldsskólinn í Austur – Skaftafellssýslu  Talning framkvæmd: 17.03.2021	<b>Álftatalning í Lóni</b>	Vigdís María Geirsdóttir  AUM1AU05
--	----------------------------	--

## Tilgangur

Markmið þessarar ferðar var til þess að telja álftrir á Lónsfirði, það hefur verið gert í um 11 ár í FAS. Einnig var komið við á urðunarsvæði Hornafjarðar.

## Efni/áhöld

Sjónaukar, klemmuspjöld, glósubækur, hanskar, margnota pokar og ruslatínur.

## Lýsing

Þann 17. mars var lagt af stað klukkan hálf eitt frá Framhaldsskólanum í Austur – Skaftafellssýslu, upp í Lón. Föruneytið innihélt hóp nemenda í auðlinda og umhverfisfræði, ásamt þeim var kennari áfangans, starfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands og fuglasérfræðingur. Fyrsta stopp ferðarinnar var hjá urðunarsvæði Hornafjarðar í landi Syðri-Fjarðar. Þar tók umhverfisfulltrúi Hornafjarðar á móti okkur og upplýsti okkur um svæðið. Gengið var um svæðið og var meðal annars skoðað hvar lífræni úrgangurinn fer. Eftir að því var lokið var keyrt áfram í átt að Lónsfirði.



*Mynd 1 – hópurinn sem fór í álftatalningu*

Keyrt var upp að fyrsta talningastað, Hvalnesi í Lóni. Þar var stoppað og skráð veður og skilyrði talningar. Skýjahula var 6/8 og hiti um 9° C. Stoppið þar var stutt þar sem engi álfir var að sjá. Því næst var farið á talningarstað númer tvö, þar var heldur ekki að finna neina álfir. Frá þeim stað var gengið í átt til Víkur í Lóni, á leiðinni var tínt rusl og komið við hjá gríðarlega stórum steinum sem eru taldir hafa skriðið fram með jöklinum á seinustu ísöld. Farið var upp í rútu og keyrt suður til Svínhóla, sem var jafnframt seinasti talningarstaðurinn. Taldar voru 310 álfir og voru þær ekki fleiri í þessari ferð. Þegar talningu var lokið var komið að heimför.

Við skólann var skoðað ruslið sem var týnt, það var að mestu plast og meðal annars kúkableyjur. Allt voru þetta hlutir sem hefði verið hægt að flokka eða setja í réttar ruslatunnur.



*Mynd 2 – ruslið sem var tínt í ferðinni*

## Niðurstöður

Í álfatalningunni í ár voru taldar 310 álfir, ekki er hægt að bera það saman við árið 2020 þar sem ekki var farið vegna COVID-19. Árið 2019 voru taldar 1018 álfir, svo að álfirnar voru mun færri í ár heldur en þær hafa verið.

Álfum hefur fækkað á talningastað 1 við Hvalnes og hefur það gerst með árunum frá því að talningar byrjuðu. Við útsýnispall og Svínhóla er enn að finna álfir og hefur það bæði fækkað og fjölgað á milli ára.

Fyrst var farið í álfatalningu árið 2010, voru þá taldar um 5000 álfir. Með árunum hafa þær verið fækkandi, en skýringin gæti verið að farið var seinna í talningar heldur en seinustu ár og virðist álfunum fjölga eftir 20. mars.

Ár	Dagsetning	Staður 1 - austast	Staður 3 - útsýnispallur	Staður 5 - Svínhólar	Vík - tún	Alls	Veður (vindur, hiti, ský)
2010	Engin					5000	
2011	31. mars		4590	2300		6890	
2012	18. apríl		5572	294		5866	
2013	11. apríl	1217	180	471	464	2332	
2014		Engar talningar	þetta árið				
2015	21. apríl	267	4852	267		5386	
2016	16. mars	174	38	767		976	
2017	4. apríl	291	3352	478		4121	Sv11 - 4°C 1/8
2018	21. mars	0	1501	212		1713	NA3 - 4°C 1/8
2019	18. mars	10	450	558		1018	N2 - 4°C 7/8
2020	Ekki var	farið í álfatalningar	þetta árið vegna COVID				
2021	17. mars	0	0	310		310	SV7 - 9°C 6/8

Tafla 1 – niðurstöður álfatalningar

## Samantekt

Í þessari álfatalningu kom í ljós að álfirnar voru mun færri en þær hafa verið í seinustu talningum. Mögulega var farið of snemma, en önnur skýring gæti verið á þessari fækkun. Fæði fyrir álfina er kannski ekki nægilegt, en fuglar eru nú þegar komnir á varpstöðvar. Ferðin var mjög áhugaverð og var gaman að upplifa þetta, alltaf er verið að læra eitthvað nýtt. Það sorglega við þessa ferð var að skoða urðarsvæði Hafnar í Lóni. Staðurinn er að fyllast af rusli, allskyns plast sem hefði verið hægt að flokka fýkur um með vindinum og festist í girðingum. Einnig er lífræni úrgangurinn ekki mjög snyrtilegur, það er ekki gengið nógu vel með hann. Hrafnar komast að ruslinu sem geta síðan borið með smit frá dauðum dýrum. Fólk þarf að vera meðvitaðra um svæðið og þarf að fara að hugsa sinn gang, minnka neyslu og flokka rétt. Við höfum ekki endalaust land til að henda því sem ekki er notað og endurnýtt.

## Almennt um álfina

Til andfugla (*Anseriformes*) telst álfín (*Cygnus cygnus*), en til þeirra teljast einnig endur, gæsir og svanir, sem allir tilheyra sömu ætt, andaætt (*Antidae*). Nafnið álf kemur af latneska orðinu *albus* sem merkir hvítur.

Álfín er farfugl og einn stærsti varpfugl landsins og er jafnframt eini innlendi svanurinn og auðþekkjanlegur frá öðrum íslenskum fuglum á útliti, kynin eru þó eins í útliti (Hilmar Malmquist, 2015). Lengd hennar er 145 – 160 cm og er hún um 10.000g.

Vænghaf álfarinnar er 218 – 243 cm (Fuglavefurinn, 2015). Lífaldur hennar er 30 – 40 ára (Björn G. Arnarson, munnleg heimild, 20. mars 2020).

Álf sem er orðin fullorðin er alhvít en verður oft ryðrauð á litinn úr mýrarauda á höfði og hálsi, sá litur nær stundum niður á bringu og kvið. Ungar álfir eru á fyrsta vetri gráleitir en lýsast þegar líður að vorinu. Augun eru dökk og fætur svartir. Fullorðin álf hefur gogg sem er svartur fremst og með gulri rót sem nær aftur undir augu og undir nasir. Meðan að ungfugl er með bleikan gogg, með svörtum broddi.

Flugið er kröftugt með hægum en sterklegum vængjatökum. Á flugi teygir álfín hausinn beint fram en á sundi heldur hún honum lóðréttum, þegar hún hefur sig til flugs hleypur hún á vatni. Álfín er félagslynd en á varptíma þá verja hjónin óðal og er hún þá minna í stórum hóp.

Síðsumars fella álfir flugfjaðrir líkt og aðrir andfuglar, þá eru þær ófleygar um tíma og er talað um að þær séu „í sárum“. Álfín gefur frá sér hljóð sem minnir á lúðrablastur, svo svanasöngur er ekki eins fallegur og hann hljómar (Hilmar Malmquist, 2015).

Stór dyngja úr gróðri sem fuglarnir reyta upp er hreiðrið og er einnig fóðrar með dúni. Álfir parast til lengri tíma og nota þær oft ár eftir ár sama hreiðurstæðið (Hilmar Malmquist, 2015). Kvenkynsfuglinn ungar út eggjunum sem eru að meðaltali 2 – 6, en hún liggur á þeim í um 34 – 35 daga (Fuglavefurinn, e.d.). Á meðan stendur karlinn vaktina og hjónin sjá um ungana í sameiningu (Hilmar Malmquist, 2015).

Ef annar makinn deyr, getur fuglinn sem er enn á lífi parað sig aftur og haldið óðalinu.

Álfir eru mjög þungar, eða 10 kíló eins og kom fram hér áður fyrr. Það þarf mikinn kraft til þess að þau haldist á lofti, álfín ætti í raun ekki að geta flogið. En aðalvopn þeirra eru vængirnir, þeir eru mjög kraftmiklir og ef til dæmis óvinur eða óboðinn gestur kemur nálægt hreiðri þeirra eða unga, notast þau við vængina. Sumir karlfuglar geta verið háskalegir, vitað er til þess að álfir hafa flogið upp á bakið á fé og barið það til dauða. Álfir hafa einnig

drepið hunda, tófur og barið í sundur stafi manna. En álftin gerir allt til þess að vernda sín afkvæmi gegn óvinum.

Fyrir á tímum fóru menn í álftaver og náðu sér álftir í matinn, einnig var sótt í skinn fuglsins og fjaðrirnar sem voru vinsælar sem pennar. En í dag er álftin er friðuð. Stofninn er ekki stór, um 30.000 fuglar og er talið að varppörin séu 3000 – 4000. Á alþingi árið 1914 voru sett lög um friðun álftirnar (Hilmar Malmquist, 2015).

„Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar“ (Alþingi, e.d.).



Mynd 3 – álftir

### **Æti og kjörstaðir**

Álftin er grasbítur, sem lifir mest á störum, fergini, mara og nykrum sem telst allt til vatnagróðurs. Hún fer einnig og étur á túnnum. Marhálmur, lónajurt og grænþörungur er aðalfæðan á grunnsævi og í sjávarlónum. Álftin sækist í þetta fæði, sem er að finna þar. Á sumrin heldur álftin sig á tjörnum, vötnum og í votlendi og verpur á bökkum, í hólum eða mýrum.

Lífrík vötn, ár og óshólmar ásamt lygnir vogar og strandlón eru kjörsvæði fyrir geld-, felli- og farfugla. Álftin verpir um allt land, en geldfugla- og fellihópar eru víða dreifð, fuglarnir sem dvelja á Íslandi á veturna sjást oftast á S- og SV-landi og Mývatni. Til Bretlandseyja flýr



álftin á haustin, oftast til Írlands. Helstu staðir á jörðinni þar sem álftin verpir er í N-Evrópu, austur um Rússland og Síberíu, allt að Beringsundi (Hilmar Malmquist, 2015).

## Ágangur álftarinnar

Þó að álftin sé friðuð, þá er fólk sem skýtur hana ólöglega vegna þess að hún er talin valda skemmdum á túnnum, aðallega í nýræktum. Kornakrar og kartöflugarðar verða fyrir vali álftarinnar, ef þær komast að þeim. Mikið beitarland álftarinnar er horfið, þar sem mikill ræktun og framræsla hefur verið, gengið er á búsvæði hennar. Álftin sér tækifæri að ná sér í góðan og næringarríkt mat þegar bændur rækta upp tún.

Árin 2005 – 2011 voru gerðar tilraunir af Grétari Má Þorkelssyni á kornökum í Austur – Skaftafellssýslu. Kom í ljós að álftir og gæsir éta um 5 – 16% af ársuppskeru kornsins. Haldið er að kornrækt sé að dragast á þessu svæði vegna ágangs álfta og gæsa. Þar sem uppskerutapið er mikið var hagstæðara að kaupa heldur en að rækta kornið.

Álftin hefur þau áhrif á túnin að það tekur lengri tíma fyrir grasið að vaxa svo heyskapur dregst lengra fram á sumarið, sem veldur einnig því að hey er ekki í eins miklu magni og venjulega (Sigurlaug Jónína, 2016).

## Þjóðsögur

Álftin kemur oft fram í þjóðtrúnni. Hún er talin vera veðurviti, ef hún flýgur snemma vors til heiða er það talið gott, en ef hún flýgur til sjávar er búist við vondum veðrum sem koma til landsins. Álftin er talin kóngsdóttir í álögum vegna söngsins hennar og stundum fóru illir andar í álftarlíki.

Það mætti halda að undirrót íslensku þjóðtrúar um hinn hættulega blástur eða anda álftarinnar. Því var trúað hér á landi að sá sem álftin blési á, dytti niður steindauður. Þetta er í tengslum við gamla þjóðtrú um andardrátt.

Í mörgum fornum sögum um allan heim koma fram álftir og svanir. Sagan um Ledu drottningu, sem Seifur heimsótti í svanslíki er eitt af þeim frægustu sögum, þar sem álftir koma fram.

Á Íslandi hófst mikil svanarómantík á 19. öld. Hún kom mest fram í ljóðagerð, mörg íslensk skáld hafa samið ljóð um álftina og eru þau flest í rómantískum anda. Má þar nefna Einar Benediktsson, Höllu Eyjólfsdóttiu, Steingrím Thorsteinsson og Jón Trausta. Með

rómantikinni varð ætíð vinsælar að svansheitið kom fram í mannanöfnum eins og Svanhvít, Svanhildur, Svana, Svanur, Svandís (Hilmar Malmquist, 2015).

## Heimildaskrá

Alþingi. Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. (e.d.). Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html>

Fuglavefurinn. (e.d.). Álft. Sótt af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=1&id=29>

Hilmar Malmquist. (3. mars, 2015). Álftin. Sótt af [https://nmsi.is/molar/fugl\\_manadarins/alftin/](https://nmsi.is/molar/fugl_manadarins/alftin/)

Sigurlaug Jónína Ólög Þorsteinsdóttir. (2016). *Tjón af völdum ágangs álfta og gæsa á ræktað land* (BS – ritgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/25092/1/BS-sigurlaug.pdf>